

Mál nr. 68/2019**M og
V v/ ábyrgðartryggingar X****Tjón á bifreið á Víðinesvegi 30. nóvember 2018.****Gögn.**

Málskot, dags. 14.2.2019, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 18.3.2019.

Bréf M, dags. 7.4.2019, ásamt samskiptum M við starfsmann X og myndum af vettvangi.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi ekið bifreið sinni í holu á Víðinesvegi 30. nóvember 2018 og telur að X beri skaðabótaábyrgð vegna tjóns á bifreiðinni.

M vísar til þess að stýrihópur á vegum borgarinnar hafi margsinnis verið beðinn um að sjá til þess að fyllt yrði í holu og að nafngreindir einstaklingar hafi staðfest að þeir hafi látið vita af holunni. Einnig vísar M til þess að viðhaldi á veginum hafi verið ábótavant og að holan sem hann hafi ekið ofan í hafi verið látin óáreitt lengi, slys hafi orðið á veginum og þungaflutningar hafi verið á sama vegi sem hafi átt að leiða til frekari eftirlits með veginum af hálfu veghaldara. Einnig bendir M á að ekki sé um malarveg að ræða þar sem um malbiksholu hafi verið að ræða. M vísar á bug öllum skýringum starfsmanna X á því að þeim hafi ekki borist kvartanir vegna vegarins og vísar til þess að merkingar til viðvörðunar hafi verið settar upp eftir tjón hans.

V bendir á að samkvæmt upplýsingum frá starfsmönnum X hafi ekki borist tilkynning um þá holu sem M ók ofan í fyrir en 6. desember 2018 og starfsmenn hafi ekki vitað fyrirfram af skemmd í veginum. V telur að ekki sé sannað að starfsmenn X hafi sýnt athafnaleysi varðandi veghald á umræddum stað, skaðabótaábyrgð X sé því ekki fyrir hendi og þar af leiðandi ekki greiðsluskylda úr ábyrgðartryggingum X hjá V.

Álit.

Samkvæmt 43. gr. vegalaga nr. 80/2007 ber veghaldari ábyrgð á því að vegi, sem opinn er almenningi til frjálsrar umferðar, sé við haldið með eðlilegum hætti miðað við þá umferð sem um veginn fer. Enn fremur skal veghaldari svo fljótt sem við verður komið eftir að hann hefur fengið vitneskju um skemmdir á vegi, sem hættulegar eru umferð, láta gera við þær eða merkja hina hættulegu staði þar til viðgerð hefur farið fram og skulu merkingar vera í samræmi við ákvæði umferðarlaga. Þá segir í 56. gr. laganna að veghaldari vegar sem opinn er almenningi til frjálsrar umferðar beri ábyrgð á tjóni sem hlýst af slysi á veginum þegar tjónið er að rekja til gáleysis veghaldara við veghaldið og sannað er að vegfarandi hafi sýnt af sér eðlilega varkárni.

Þegar tjón verður getur sá sem verður fyrir tjóni sótt skaðabætur skv. ofangreindri bótareglu en skv. almennum sönnunarreglum verður sá hinn sami að sýna fram á að skilyrði skaðabótaábyrgðar séu fyrir hendi. Í þessu tilviki felst það í því að það þurfa að koma fram sönnunargögn sem styðja þá frásögn M að viðhaldi vegar hafi verið ábótavant og að starfsmenn X hafi sýnt saknæmt athafnaleysi gagnvart þeim tilkynningum sem M tilgreinir í málskoti að hafi borist til X. Í gögnum málsins koma ekki fram staðfestingar á umræddum tilkynningum og þær myndir sem M leggur fram sýna ekki með óyggjandi hætti að viðhald vegar hafi verið ófullnægjandi á þeim tíma sem tjón hans varð. Sá sem gerir skaðabótakröfu á annan ber hallann af slíkum sönnunarskorti. Þannig verður ekki fallist á kröfu M til greiðslu bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 16. apríl 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.